

um breytta stefnu í utanríkismálum.

Flm.: Magnús Kjartansson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi:

að ríkisstjórninni í Peking verði falið að fara með umboð Kína hjá Sameinuðu þjóðunum og í öðrum alþjóðasamtökum;

að bæði þýzku ríkin fái aðild að Sameinuðu þjóðunum og öðrum alþjóðasamtökum og hljóti sömu stöðu að alþjóðalögum og tíðkast í eðlilegum samskiptum ríkja;

að Bandaríkin hætti styrjaldaraðgerðum sínum í Indó-Kína og kalli heri sína heim, svo að landsmenn fái sjálfir aðstöðu til þess að leysa vandamál sín.

Greinargerð.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir breyttri stefnu íslenskra stjórnarvalda í utanríkismálum; hins vegar felur hún ekki í sér breytingu á þeim grundvallarsjónarmiðum, sem ríkisstjórnin kveðst miða heildarstefnu sína við. Þau stefnuatriði, sem hér er gerð tillaga um, eru til að mynda framkvæmd að meira eða minna leyti af ýmsum ríkjum Atlantshafsbandalagsins. Hér fer á eftir stutt greinargerð um hvert efnisatriði um sig:

1. Kína er sem kunnugt er eitt af stofnríkjum Sameinuðu þjóðanna og á fast sæti í öryggisráði sem stórveldi. Því getur ekki orðið neinn ágreiningur um aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum, þótt oft sé komið svo að orði af misskilningi, heldur um það, hverjir skuli fara með aðild Kína. Það umboð er enn í höndum manna, sem misstu öll völd á meginlandi Kína fyrir meira en tveimur áratugum og hafa síðan dvalizt sem útlagar á eyggi Taiwan (Formósu). Allt það tímabil hefur kínverska þjóðin því ekki átt neina raunverulega fulltrúa á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, og hefur það í senn veikt áhrifavald samtakanna og torvelað þeim friðar- og sáttastörf. Ástæðan fyrir því, að Pekingstjórnin hefur ekki fengið það umboð, sem henni ber, er einvörðungu pólitísk og styðst ekki við nein ákvæði í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna. Æ fleiri ríkisstjórnir komast nú að þeirri niðurstöðu, að þessi pólitíska afstaða sé röng, enda fékk tillaga um aðild Pekingstjórnarinnar að Sameinuðu þjóðunum nýlega einfaldan meiri hluta á allsherjarþinginu í fyrsta skipti. Minna má á í þessu sambandi, að meðal þeirra ríkja, sem styðja aðild Pekingstjórnarinnar, eru Atlantshafsbandalagsríkin Bretland, Danmörk, Frakkland, Ítalía, Kanada og Noregur.

2. Erfiðustu vandamálin í Evrópu eftir lok síðustu heimsstyrjaldar hafa verið deilur um þýzku ríkin og landamæri þeirra. Að undanfögnu hefur orðið mjög ánægjuleg þróun á þessu sviði með breyttri stefnu vesturþýzkra stjórnarvalda. Hefur Sambandslýðveldið gert samninga við Sovétríkin og Pólland, og fela þeir í sér fulla viðurkenningu á nügildandi landamærum í Evrópu. Einnig eru hafnar samningaviðræður milli þýzku ríkjanna um bætt samskipti þeirra í milli. Öll hnígur þróunin að því marki, að menn viðurkenni þá óhjákvæmilegu staðreynd, að þýzku ríkin eru tvö. Með þingsályktunartillögunni er lagt til, að ríkisstjórn Íslands lýsi í verki fylgi við hina nýju stefnu vesturþýzkra stjórnarvalda og beiti sér fyrir því, að þýzku ríkin bæði fái eðlilegan sess í samskiptum þjóða og alþjóðasamtökum.

3. Alvarlegustu átökin í heiminum eru styrjöld Bandaríkjanna í Indó-Kína, og hefur svo verið árum saman. Um skeið gerðu menn sér vonir um, að þeirri ógnarstyrjöld væri að linna, en sú varð því miður ekki raunin; í staðinn gerðu herir Bandaríkjanna og stjórnarinnar í Saigon innrás í Kambódju, og nýlega hafa Bandaríkin gert stórfelldar loftárásir á Norður-Víetnam. Styrjöld Bandaríkjanna í Víetnam stentz hvorki siðferðilega né þjóðréttarlega dóma, og enn er hætt á því, að hún geti leitt til mun stórfelldari átaka, sem ógnað geti heimsfriði. Með þingsályktuninni er lagt til, að ríkisstjórn Íslands beiti áhrifum sínum á alþjóðavettvangi til þess að styðja þau öfl innan Bandaríkjanna og utan, sem beita sér fyrir friði í Víetnam, en í þeim hópi eru einnig ríkisstjórnir, þar á meðal stjórn Atlantshafsbandalagsríkisins Frakklands.